

## **22. Frumvarp**

til laga um Menningarsjóð.

(Lagt fyrir Alþingi 1928.)

1. gr.

Stofna skal sjóð er nefnist Menningarsjóður.. Tilgangur hans er að styðja almenna menningu í landinu, rannsókn íslenskrar náttúru og þróun þjóðlegrar listar. Til sjóðsins fellur árlega allt andvirði fyrir áfengi, hverju nafni sem nefnist, sem ólöglega er flutt til landsins og upptækt gert af rjettvisinni, svo og allar sektir brot á áfengislöggjöfinni, bæði samkvæmt landslögum og lögreglusamþykktum. Í fyrsta skifti skulu falla til sjóðsins hluti rikissjóðs fyrir upptækt vín og áfengissektir árið 1927.

## 2. gr.

Mentamálanefnd landsins hefir á hendi yfirstjórn Menningarsjóðs. Í janúar ár hvert skiftir sjóðsstjórnin innkomnum tekjum frá síðast liðnu ári í þrjá jafna hluta. Skal einum þriðjungnum varið til þess að gefa út góðar alþýðlegar fræðibækur, og úvals skáldrit, frumsamin eða þýdd. Annar þriðjungurinn gengur til að kosta visindalegar rannsóknir á náttúru landsins og til útgáfu visindalegra ritgerða um íslenska náttúrufræði. Einum þriðjunginum skal varið til að kaupa listaverk fyrir landið, og til verðlauna fyrir teikningar af byggingum eða húsbúnaði í þjóðlegum stíl. Þegar sjerstaklega stendur á má verja tilteknum hluta af tekjum Menningarsjóðs til bygginga fyrir náttúrugripasafn landsins og listasafn.

## 3. gr.

Bókaútgáfu Menningarsjóðs stýra þrír menn sjálfkjörnir: Professorarnir í íslenskum bókmentum og sögu við háskólann í Reykjavík og kennarinn í íslensku við kennaraskóla landsins. Sá hluti sjóðsins, sem verja skal til náttúrufræðilegra rannsókna, stendur undir stjórn annara þriggja sjálfkjörinna manna: Forstöðumanns náttúrugripasafnsins í Reykjavík og kennaranna í náttúrufræði við mentaskólann í Reykjavík og gagnfræðaskólann á Akureyri. Sá hluti sjóðsins sem á að styðja listir stendur undir beinni stjórn mentamálanefndar landsins.

## 4. gr.

Þegar tekjur Menningarsjóðs verða eitthvert ár meiri en að álitum yfirstjórnar sjóðsins getur talist meðallag, skal taka frá í húsbýggingarsjóð tveggja af hinum þrem deildum (sbr. 2. gr.) það sem umfram verður meðaltekjum. Skulu þessir tveir byggingarsjóðir ávaxtast í Landsbankanum, og má ekki skerða þá fyr en yfirstjórn sjóðsins með samþykktir Alþingis lætur byrja á að reisa hinar umræddu byggingar. Þeim þriðjungi af óvenjulegum tekjum sjóðsins, sem ekki gengur til að byggja söfn yfir listaverk landsins og náttúrugripi, skal verja til að kosta útgáfu merkilegra ritverka, sem eru stærri en það að venjulegar árstekjur útgáfudeildarinnar nægi til að standast kostnaðinn.

## 5. gr.

Stjórn útgáfudeildar Menningarsjóðs getur ráðið mann til að hafa á hendi hina daglegu vinnu við bókaútgáfu sjóðsins og verslun þá með bækur, er óþjákvæmilega leiðir af útgáfustarfsemi þessari, en sjálf ræður nefndin og ber ábyrgð á vali bóka, sem út eru gefnar og frágangi þeirra. Þegar svo vill til, að hinir sjálfkjörnu stjórnarmenn í útgáfu- eða náttúrufræðis-deild sjóðsins verða að dæma um efni er snerta þá persónulega, skal mentamálanefnd landsins skipa hæfa menn í þeirra stað, meðan úr þeim málum er skorið.

## 6 gr.

Sú deild Menningarsjóðs er styður íslenska listapróun, skal kaupa jöfnum höndum listaverk eftir málara og myndhöggvara og bæði taka tillit

til hins varanlega gildis listaverkanna og að skapa óháðan markað fyrir listaverk eftir íslenska menn, án tillits til búsetu. Nú eru árstekjur þessarar deildar sjóðsins 10. þús. kr. eða minna og má þá verja  $\frac{1}{5}$  hluta þeirra til að verðlauna teikningar af húsum og húsmunum í þjóðlegum stíl, þar sem leitað er samræmis við höfuðdrætti í náttúru landsins. Aldrei má verja meir en 2000 kr. á ári til slíkra verðlauna, nema öll sjóðstjórnin og formenn mentamálanefnda beggja deilda samþykki.

#### 7. gr.

Fjármálaráðaneytið annast alla innheimtu á tekjum Menningarsjóðs, samkv. 1. gr. Handbært fje sjóðsins skal jafnan geymt í Landsbankanum. Endurskoðendur landsreikninga skulu árlega endurskoða reikninga allra deilda sjóðsins, enda sje hann síðan prentaður í Stjórnartíðindunum.

#### 8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin öll eldri lög og fyriræli er koma í bága við lög þessi.

#### 9. gr.

Lögin öðlast gildi þegar í stað.

### Greinargerð.

Á hverju ári tilfalla landinu nokkrar tekjur fyrir upptækt áfengi og sektir fyrir áfengisbrot. Hins vegar er þessi upphæð þó of litil til þess að nokkuð verulega muni um hana á fjárlögum landsins. Er hjer lagt til að tekjur þessar verði árlega látnar ganga til lista og visinda og til bætrrar almennrar mentunar í landinu. Um tvent hið fyrnefnda má segja, að bæði listamenn og visindamenn er vilja stunda náttúrufræði landsins, hafa jafnan átt erfitt uppdráttar og mun svo löngum verða. Er það ekki með öllu vansalaust fyrir þjóðina, að rannsóknir á náttúru Íslands hafa aðallega verið gerðar af útlendingum, eða þá með styrk útlendra visindastofnana. Sje gert ráð fyrir að meðaltekjur Menningarsjóðs yrðu 20–25 þús. kr., myndi sá þriðjungur er gengi til visindarannsókna samt geta haft veruleg áhrif og orðið þjóðinni bæði til gagns og sæmdar.

Listamenn Íslendinga eru erfiðlega staddir. Nálega aldrei fá þeir markað fyrir verk sín í öðrum löndum, því að hver þjóð lætur sína eigin listamenn sitja fyrir Íslendingum. Hinsvegar er markaður fyrir listaverk eðlilega litil í landinu sjálfu hjá jafnfámennri þjóð. Ef íslensk list á nokkurntíma að geta blómgastr verulega, verður þjóðin öll, þ. e. landið sjálft, að skapa nokkurn markað fyrir listaverk og það árlega. Mundu listaverkin verða almenníngi til mestrar gleði og þroska ef þau væru ekki öll geymd í listasafni landsins heldur dreifð að nokkru í skólum og öðrum opinberum byggingum.

Á hinn bóginn verður því ekki neitað, að landið þarf að eignast við-

eigandi byggingar fyrir söfn yfir listaverk og náttúrugripi. Nú getur viljað til þau atvik einstöku sinnum að Menningarsjóði áskotnast verulegar fjárhæðir t. d. ef skip hlaðið vinföngum er gert upptækt. Er þá ætlast til, að þær óvenjulegu tekjur gangi að tveim þriðju hlutum til þessara áðurnefndu safnabyggingu, en þriðjungurinn til að gefa út merk rit, sem sjóðurinn hefði ekki annars efni á að koma fyrir almenningsjónum.

Um bókaútgáfuna er það að segja, að fámenni þjóðarinnar og einangrun landsins veldur því, að þjóðin lifir við sífelt bókahungur, a. m. k. að því er snertir góðar bækur. Ef fje væri til útgáfu, eiga Ísleningar kost á óþrjótandi auðæfum, þar sem eru úrvalsrit heimsins, bæði fræðibækur og skáldrit, sem eins og nú hagar til eru og verða framandi öllum þorra manna. Svo hráparlega erfið er útgáfuleiðin hjer á landi, að sum hin ágætustu ritverk þjóðarinnar sjálfrar, t. d. ljóð Jónasar Hallgrímssonar eru með öllu ófáanleg í sæmilegri útgáfu. Hjer er gert ráð fyrir, að stjórn útgáfudeildarinnar hafi óbundnar hendur um bókavalið, geti gefið út gamlar og nýjar íslenskar bækur, og þýddar bækur, fræðirit og skáldskap. Stjórn útgáfufélagsins má ekki setja önnur takmörk en að hún velji verulega góðar bækur og gefi þær út vel og smekklega.

Alþýðumentunin er undirstaða alls andlegs lífs í landinu og sjálfstæðis þjóðarinnar. En listir og visindi tákna hámark þjóðarþroskans. Þess vegna ber að sinna jafnt þessum þrem greinum andlegrar starfsemi.